

Alþingi
Erindi nr. P 127/2237
komudagur 7.6.2002



Byrgið kristilegt líknarfélag
ROCKVILLE ENDURHÆFINGARSAMBÝLI
245 Sandgerði kt: 461106-2099
S: 423-7990 Fax 423-7392 netf.byrgid@islandia.is

UM LÝÐHEILSUSTÖÐ – FRUMVARP

GREINARGERÐ

Segja má að hér sé verið að stiga markvert skref í heilsugæslumálum almennings. Áhugavert og ánægjulegt er til þess að vita að jákvæð þróun eigi sér stað varðandi þau margvíslegu málefni sem snúa að almennningi í landinu, og ber slíkt vott um skynsemi og ábyrgð, ekki síst þegar heilsugæsla á í hlut. En almenn heilsugæsla hlýtur að snúast fyrst og fremst um það að veita aðgengilega, örugga og skilvirka þjónustu til þess að tryggja meggi sem best velferð einstaklinganna, bæði andlega og líkamlega, með góðu aðgengi, með reglubundnu heilbrigðiseftirliti, með öflugri fræðslu, með lágmarks kostnaði, með aukinni þjónustu og í jákvæðri og þægilegri samvinnu allra aðila.

Þróun í meðferðarmálum á Íslandi hefur orðið sú, að meðferðarstarf hefur síðustu ár í auknum mæli færst í hendur félagasamtaka og áhugamannahópa, sem vinna af hugsjón með hinn mannlega þátt.

Ljóst er að þörf er á aukinni samvinnu heilbrigðisþjónustu við slík samtök, t.d. með því að miðla upplýsingum, gera þjónustusamninga eða veita fjárframlög og styrki ýmsa.

Til þess að unnt sé að meta frumvarp um lýðheilsustöð frá okkar sjónarhorni er nauðsynlegt að fjalla lítilega um starfsemi Byrgisins og draga fram áherslur:

Byrgið rekur í dag 60-70 manna endurhæfingarsambýli í Rockville á Miðnesheiði. Starfið er kristilegt og snýr að endurhæfingu og uppbyggingu vímuefnaneytenda, með því að hindra frekari skaða andlegan og líkamlegan, með því að setja öflugar forvarnir og að styðja við fjölskyldur neytendanna með sérstakri meðferð aðstandenda, stuðningi og fræðslu. Skjólstæðingar Byrgisins eru langflestir mjög illa farnir andlega, en margir eru einnig með líkamlega kvilla og ýmsa ólæknandi sjúkdóma.

Stærsti hlutinn er öryrkjar, sumir búnir að vera lengi án atvinnu og lifa á fátæktarmörkum. Skjólstæðingar okkar hafa ekki efni á lyfjum eða sérfræðingum eða á heilsugæslu yfirhöfuð.

Fólk verður mjög illa úti andlega í baráttunni við vímuefni og því beinist starfið mikið að hinum andlegu hliðum og það er vandmeðfarið verkefni. Mjög miklu máli skiptir að ganga út frá sannleikanum og gera raunhæfa meðferðaráætlun fyrir hvern og einn, eftir getu og við hæfi viðkomandi.

Meðferðarúræði á Íslandi eru mjög mörg og maður skyldi ætla að þau væru fullnægjandi og skiluðu góðum árangri, því miður er misbrestur á því. Langur vegur er frá því að

margir meðferðaraðilar hafi fylgst nægilega vel með því sem raunverulega er að gerast í samfélaginu, þ.e. þróun og breytingum á vímugjöfum og neyslu þeirra. Vímuefnamisnotkun er þó samfélagslegur vandi og til þess að hægt sé að sjá við vandanum og leysa hann, þá þarf stöðugt að vera að rannsaka hann og fylgjast með honum, eins og hann lítur raunverulega út. Það þarf stöðugt að vera að meðhöndla vandann í verki og ekki bara hluta af honum, heldur allan þakkann.

Þegar meðferðarstarf hófst fyrir alvöru á Íslandi á sínum tíma, þá var gengið út frá formúlu þar sem margir þættir voru samofnir með sjúkdómsgreininguna í fyrrirrími skv. skilgreiningu A.A. samtakanna. Þegar til lengri tíma er litið, þá gengur slík formúla ekki upp, vegna þess að vandinn hélt áfram að krauma undir niðri, því að vandamálið var aðeins fjarlæggt af yfirborðinu og almenningur kaffærður í fræðslu- og hræðsluáróðri þar sem alkóhólismi var fyrst og fremst skilgreindur sem ólæknandi sjúkdómur.

Til sögunnar eru nú að koma nokkurs konar “uppgjafarúrræði”, sem eru t.d. þau að leyfa fólki að neyta vímuefna á þar til gerðum heimilum og láta það þannig sigla sinn sjó. Við teljum ekki að slíkt sé jákvætt eða í anda heilbrigðisstarfsemi yfirleitt, og viljum benda á hættuna sem stafar af allri uppgjöf yfirleitt, því að þá glatast viljastyrkur og sjálfsbjargarviðleitni deyr út.

Undanfarin ár hafa raddir heyrst um vímuefnalaust Ísland árið 2000, en nú árið 2002, þá hefur vandinn aldrei verið hrikalegrí. Fíkniefnaneysla hefur aukist verulega, og glæpaalda siglir yfir landið í kjölfarið. Samfélagið er breytt frá því sem áður var, nú er allt annað uppi á teningnum en var fyrir 10-15 árum síðan. Fíkniefni flæða að því er virðist viðstöðulaust inn í landið, og afleiðingarnar eru stjórnleysi, ofbeldi, afbrot og dauðsföll. Hér er um alvarlegt þjóðfélags- og heilbrigðisvandamál að ræða sem verður að taka föstum tókum.

Það sem við erum að horfa á í Byrginu í dag er að hluta til, afraksturinn af meðferðunum, einstaklingar sem kannski eru búnir að fara í allt að 30-40 meðferðir. Þeir eru öryrkjar fyrir lífstíð, sjálfsvirðingin horfin, sjálfsbjargarviðleitnin horfin, þeir eru staðnaðir, sinnulausir, gagnteknir af eigin vandamálum og líðan og óhæfir til allra hluta. Það þarf að endurhæfa þá frá grunni. Brýn þörf er á aukinni þjónustu við þennan hóp, ekki síst hvað varðar heilbrigðisþjónustu. Í annan stað er nú mikil aukning á mjög ungum vímuefnaneytendum sem nær undantekningarlaust eru flæktir í afbrot og jafnvel alvarleg sakamál. Hér þarf að setja forvarnir í skólum landsins og fá fjölskyldurnar í samvinnu. Stór hópur skjólstaðinga Byrgisins er svo einstaklingar með langan afbrotaferil eða síbrotaferil og/eða fyrrverandi fangar.

Samfélagslega hagkvæmt.

Meðferðarstarf þarf að vera samfélagslega hagkvæmt og skila hámarksárangri. Árangursskýrslur á að birta almenningi reglulega og meðferðaraðilar þurfa að taka fulla ábyrgð á því sem þeir eru að gera, enda fá þeir flestir opinbert fjármagn til ráðstöfunar.. Meðferðarstarf á að skila einstaklingunum til baka, út í samfélagið, ekki í gröfina eða aftur inn á aðrar stofnanir. Skilgreina þarf vandann og gera raunhæfa meðferðaráætlun og ekki síst, raunhæfa framtíðaráætlun fyrir hvern og einn.

Þar þarf að taka þarf tillit til almennrar félagslegrar stöðu viðkomandi, eins og aldurs, fjölskyldusögu og uppeldis, hjúskaparstöðu, heilsufars, menntunar, búsetu og aðbúnaðs, fjárhagslegrar getu og atvinnu.

Þjónusta, alhliða stuðningur og forvarnir.

Einstaklingarnir þurfa fyrst og fremst þjónustu og stuðning við margvisleg mál og vandamál. Lítill hjálp er fólgin í því að sjúkdómsgreina þá og grufla endalaust í fortíð þeirra og gefa þeim geð- og þunglyndislyf.

Í fyrsta lagi þarf nægan tíma, þar af leiðandi er boðið upp á allt að 18 mánaða meðferð í Byrginu. Taka þarf einstök málefni einstaklinganna og finna lausnir á þeim. Mjög margir eru með afbrotaferil og þar af leiðandi hefur Byrgið samvinnu við Fangelsismálastofnun ríkisins og Forvarnardeild Lögreglu, og enn fremur starfar í Byrginu lögfræðingur við dóms- og sakamál. Flestir skjólstæðinganna eru öryrkjar, hafa naum fjárráð og þarfnast margvíslegrar þjónustu, fatnaðar o.fl. Margir þurfa á lyfjum að halda, þau eru útveguð þeim að kostnaðarlausu og án milliliða, þ.e. greidd af Byrginu. Engin virðist geta komið til móts við þennan mikla lyfjakostnað.

Sérhæfð svið. Stuðlar að betri skilgreiningu vandans og að markvissari árangri.

Afbrotamenn

Almennt séð þá ættu meðferðaraðilar að stefna meira að sérhæfingu ýmissa þátta meðferðarstarfs til þess að unnt sé að tryggja hámarksárangur ólíkra meðferðarþega með ólíka sögu og til þess að efla samvinnu ýmissa þjónustuaðila. Byrgið sérhæfir sig t.d. í meðferð og endurhæfingu afbrotamanna, vegna þess að mjög stóri hluti skjólstæðinganna er með afbrotaferil og /eða fyrrverandi fangar. Sumir þurfa sérstakan tilsjónarmann allan sólahringinn og langtíma agaprógram.

Starfsþjálfun – verkleg vinna

Þeir sem gangast undir langtíma meðferð í Byrginu, 6-18 mánuði eða lengur, fá úthlutað sérstökum verkefnum á sambylinu. Um er að ræða ýmis gæslu- og umsjónarstörf og vaktavinnu á aðhlyningardeild. Starfsþjálfun ætti að vera sjálfsagður hluti af endurhæfingu sem miðar að því að skila vinnufærum einstaklingum út í samfélagið.

Nám

S.l. vetur hófst í Byrginu nám í samvinnu við Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Í vor útskrifuðust þrír nemendur eftir 2ja eininga nám í lífsleikni 103. Nám ætti vitanlega alltaf að tilheyra endurhæfingarprógrammi.

Líkamleg endurhæfing

Líkamleg þjálfun, leikfimi, sjúkraþjálfun, kraftlyftingar. Mjög góð aðstaða er til þjálfunar.

Meðferð aðstandenda – Forvarnir.

Sérstök meðferð aðstandenda fíkla er nú að hefjast í Byrginu. Kynningarfundir hefjast nú í júnímánuði og í haust fer af stað forvarnarherferð í skólum og félagsmiðstöðvum landsins. Öflugar vímuefnaforvarnir og fræðsla eru sterk vopn í baráttunni við fíkniefnavandann. Lýðheilsustarf ætti að stefna að góðri samvinnu við meðferðaraðila á sviði forvarna, ekki síst þar sem unglingar eiga í hlut.

Sem meðferðar- endurhæfingar- og forvarnaraðilar, þá tökum við jákvæða afstöðu til frumvarpsins og vonumst eftir ánægjulegri samvinnu, verði frumvarpið samþykkt.

Vonum við að þessi greinargerð varpi ljósi á starfsemi Byrgisins og á afstöðu okkar til frumvarps um lýðheilsustöð. Sjá einnig meðf. gögn.

Nánari upplýsingar eru fúslega veittar.

Rockville 4. júní 2002

Virðingarfyllst,
f.h. Byrgisins



**Kristið
líknarfélag**

Steinunn Marinósdóttir

Steinunn Marinósdóttir
Skrifstofustj.